

Sjóvá– Ársuppgjör

Hagnaður 1.746 m.kr. á árinu 2017

Árið 2017 og horfur

- Heildarhagnaður 1.746 m.kr. (2016: 2.690 m.kr.)
- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.158 m.kr. (2016: 646 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 927 m.kr. (2016: 2.419 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins 5,9% (2016: 10,1%)
- Hagnaður á hlut 1,19 kr. (2016: 1,75 kr.)
- Horfur fyrir árið 2018 eru að samsett hlutfall verði um 96% (1F: 98%, 2F: 97%, 3F: 95%, 4F: 96%) og að hagnaður fyrir skatta verði um 2.800 m.kr.
 - Tilkynnt verða frávik umfram 5 prósentustig í samsettu hlutfalli innan fjórðunga.

Fjórði ársfjórðungur 2017

- Heildarhagnaður 416 m.kr. (4F 2016: 1.124 m.kr.)
- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 274 m.kr. (4F 2016: 176 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 310 m.kr. (4F 2016: 1.113 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins 1,7% (4F 2016: 3,8%)
- Hagnaður á hlut 0,29 kr. (4F 2016: 0,73)

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Váttryggingarekstur styrkist frá fyrra ári við krefjandi aðstæður þar sem tjónakostnaður eykst í takt við aukin umsvif í þjóðfélaginu. Hagnaður af váttryggingastarfsemi nær tvöfaldast á milli ára, fer úr 646 m.kr. 2016 í 1.158 m.kr árið 2017. Samsett hlutfall ársins nemur 99,4% samanborið við 100,9% á árinu 2016. Segja má að afkoma af fjárfestingarstarfsemi hafi verið viðunandi sé litið til þess að verðbréfamarkaðir voru mjög sveiflukennir á árinu og skiluðu um tíma neikvæðri ávöxtun. Við þessar aðstæður er ánægjulegt að váttryggingarekstur skili bættari afkomu.

Við getum með stolti greint frá því að Sjóvá var í fyrsta sinn efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvöginni á árinu 2017. Við erum þakklát okkar viðskiptavinum fyrir þá niðurstöðu en árangurinn er uppskera markvissrar vinnu alls starfsfólks. Starfsandi hjá Sjóvá mælist með því allra hæsta sem þekktist hér á landi og byggir m.a. á fullkomnu launajafnrétti og jafnri kynjaskiptingu. Unnið verður að áframhaldandi styrkingu váttryggingarekstrar á árinu auk þess sem lögð verður áhersla á þróun stafrænna lausna til að bæta enn frekar þjónustu og auka möguleika okkar viðskiptavina til að eiga við okkur samskipti með þeim hætti sem þeir kjósa.“

Stjórn leggur til að hluthafar fái greiddan arð fyrir rekstrarárið 2017 sem nemur 1,05 kr. á hlut eða 1.500 m.kr. Stjórn leggur til við aðalfund endurkaupaáætlun.

Kynningarfundur 15. febrúar kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi 2017, fimmtudaginn 15. febrúar kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2017	4F 2016	%	12M 2017	12M 2016	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	4.211	4.051	3,9%	16.383	15.399	6,4%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	(214)	(210)	2,1%	(845)	(911)	-7,3%
Eigin iðgjöld	3.997	3.841	4,0%	15.539	14.488	7,3%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	259	183	41,9%	1.062	777	36,6%
Aðrar tekjur	45	43	4,8%	73	149	-51,2%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.301	4.067	5,8%	16.674	15.415	8,2%
Tjón tímabilsins	(3.177)	(3.008)	5,6%	(12.160)	(11.259)	8,0%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	80	8	857,3%	259	(2)	
Eigin tjón	(3.096)	(2.999)	3,2%	(11.901)	(11.261)	5,7%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	(931)	(892)	4,3%	(3.614)	(3.507)	3,0%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	(4.027)	(3.892)	3,5%	(15.515)	(14.769)	5,1%
Hagnaður/tap af vátryggingarekstri	274	176	56,2%	1.158	646	79,2%
Fjárfestingarstarfsemi						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	390	1.176	-66,9%	1.202	2.657	-54,8%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	(79)	(72)	10,6%	(275)	(239)	15,3%
Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi	310	1.113		927	2.419	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	584	1.279		2.085	3.065	
Tekjuskattur	(169)	(156)		(339)	(375)	
Heildarhagnaður tímabilsins	416	1.124		1.746	2.690	
	4F 2017	4F 2016		12M 2017	12M 2016	
Tjónahlutfall	75,4%	74,2%		74,2%	73,1%	
Endurtryggingahlutfall	2,1%	3,9%		3,1%	5,0%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	77,5%	78,1%		77,3%	78,1%	
Kostnaðarhlutfall	22,1%	22,0%		22,1%	22,8%	
Samsett hlutfall	99,6%	100,1%		99,4%	100,9%	
Ávöxtun eigin fjár	10,9%	26,6%		10,7%	15,9%	
Hagnaður á hlut	0,29	0,73		1,19	1,75	
Eigið fé	15.206	17.454		15.206	17.454	
Gjaldþolshlutfall SII fyrir arð	1,64	1,91		1,64	1,91	
Gjaldþolshlutfall SII eftir arð				1,48	1,61	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 15. febrúar 2018.